

Reykjavík 30. júní 2020

Skimunarspurningar vegna heimsókna í starfsemi velferðarþjónustu

Unnið af Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Þegar upp koma hópsmit er mikilvægt að vernda viðkvæma íbúa í þjónustuíbúðum fyrir aldraða, á hjúkrunarheimilum sem og íbúðakjörnum/sambýlum í húsnæði fyrir fatlað fólk vegna COVID-19.

- Fólk sem hefur verið erlendis á **EKKI** að heimsækja íbúa í 14 daga eftir komu til landsins. Þetta gildir einnig þó ekki hafi greinst smit við sýnatöku á landamærum.
- Fólk sem hefur umgengist einstaklinga með smit á EKKI að heimsækja íbúa.
- Fólk sem finnur fyrir kvefi eða flensulíkum einkennum á EKKI að heimsækja íbúa.

Mikilvægt er að starfsfólk í þjónustuíbúðum fyrir aldraða, á hjúkrunarheimilum, íbúðakjörnum/sambýlum og heimaþjónustu fari einnig eftir sömu tilmælum í starfi sínu.

Aðrir gestir geta heimsótt íbúa, en mikilvægt er að fyllstu varúðar sé gætt og [samfélagssáttmáli](#) hafður í heiðri.

Á [vef](#) landlæknis má einnig finna skimunarspurningar.